

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

til að starfrækja sjókvíar til áframeldis á þorski

Starfsstöð: Þorskeldi ehf kt. 451103-3420
Hömrum 12, 765 Djúpivogur

Rekstaraðili: Elís Hlynur Grétarsson
Hömrum 12, 765 Djúpivogur
kt. 210676-5709

Útgáfudagur leyfis: 28. maí 2008

Gildir til: 27. maí 2020

Um er að ræða leyfi fyrir sjókvíum í Fáskrúðsfirði fyrir áframeldi á þorski, allt að 200 tonnum. Staðsetning: N 64°54, 910 og V 14°00, 100, syðra megin í firðinum á móts við bræðslu.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun m.s.br. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt nefndum lögum.

Farið skal eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó frá 2005 og auglýsingu Umhverfisstofnunar um yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegri starfsleyfisgerðar frá 4. ágúst 2000.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Að jafnaði skal endurskoða starfsleyfi á fjögurra ára fresti, sbr. reglug. 785/1999.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. heilbrigðisnefndar,

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi



28. 5. 2008

Porskeldi ehf
Hömrum 12
765 Djúpivogur

Varðar starfsleyfi fyrir þorskeldiskvíar í Fáskrúðsfirði.

Með bréfi þessu fylgir starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands sem sótt var um með tölvupósti þann 15. apríl 2008.

Afgreiðsla hefur dregist m.a. það sem senda þurfti erindið til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og hafnarstjórn Fjarðabyggðar. Þaðan hafa nú borist svör og er ekki gerð athugasemd við umbeðið leyfi.

Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 997/2006 flokkast fyrirtækið sem "Land- og kvíaeldi." (ÍSAT nr. 05.02.2.0) og árlegt eftirlitsgjald er skv. því kr. 19.380,-. Innifalið í gjaldinu er eftirlit heilbrigðisfulltrúa annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er skv. sömu gjaldskrá er kr. 7.900,-

Reikningur í samræmi við það verður sendur.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi